

Samningur

um framlengingu og breytingar á kjarasamningi

Launanefndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur
samningsumboð fyrir

og

Iðjuþjálfafélags Íslands

Gildistími

1. desember 2008 – 31. ágúst 2009

1. grein

Breytingar á gildandi samningi

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009, með þeim breytingum sem þessi samningur felur í sér.

2. grein

Föst mánaðarlaun

Frá 1. desember 2008 tekur gildi launatafla sbr. fylgiskjal 1.

3. grein

Persónuppbót

Grein 1.7.1. fyrsta málsgrein hljóði svo:

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert sem nemur 27,9% af desemberlaunum í 18. lfl. 3. þepri, skv. framangreindri launatöflu. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár.

4. grein

Sérstök orlofsuppbót

Orlofsuppbót skal vera sem hér segir:

1. maí 2009 kr. 25.200.-

5. grein

Veikindi barna yngri en 13 ára

Grein 12.8.1 hljóði svo:

Foreldri, eða forsjármaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktaskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga A-deild

Grein 13.6.1:

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, frá 22. september 2008, hækkar iðgjald vinnuveitanda í A deild sjóðsins úr 11,5% í 12,0% frá 1. janúar 2009 að telja.

Þriðja málgrein greinarinnar orðast því svo:

Launagreiðendur skuldbinda sig til að greiða til A-deilda það viðbótariðgjald sem nauðsynlegt er til þess að standa undir skilgreindum réttindum í A-deild, sem frá 1. janúar 2009 er 12,0%. Til V-deilda sjóðsins greiðir launagreiðandi 11,5% af heildaraunum. Til V-

BJ

deildar sjóðsins greiðir launagreiðandi 11,5% af heildarlaunum. Kjósi sjóðfélagi í A-deild að flytja sig eftir að hann hefur verið ráðinn yfir í V-deild sjóðsins, skal iðgjald sjóðfélaga vera 4% og iðgjald launagreiðenda 11,5% af heildarlaunum.

7. grein Gildistími og gildissvið

Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 15. desember 2008 þá telst hann samþykktur.

Reykjavík, 2.desember 2008

F.h. samninganefndar LN
með fyrirvara um samþykki
Launaneftdar sveitarfélaga

F.h. Iðjuþjálfafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi
félagsmanna

Dóulla Mársgud Guðbergsson.
Anna Jógsdóttir

Birgína Þórhildadóttir
Anna Þóra Guðbergsson.
Bragðis "Ósp" Bjarkadóttir

Bókanir
með samningi
Launaneftndar sveitarfélaga
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir
og
Iðjuþjálfafélags Íslands

undirrituðum 2. desember 2008

Bókun 1

Endurhæfingarsjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Frá og með 1. desember 2008 munu sveitarfélög, sem aðild eiga að launaneftnd sveitarfélaga, greiða 0,13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning endurhæfingar í vörsu sveitarfélaganna. Þau munu hefja greiðslu í Endurhæfingarsjóð þegar formleg aðild þeirra hefur verið staðfest

Bókun 2

Tímabundin viðbótarlaun - þróunarverkefni

Ákvæði kjarasamnings aðila varðandi þróunarverkefni um tímabundin viðbótarlaun framlengist út samningatímabilið og fellur út við lok þess. Verkefnið heldur því ekki áfram eftir lok samningstímabilsins nema um annað sé samið.

Frá 1. desember 2008 er ein TV-eining kr. 11.000.

BL
MF

Fylgiskjöl
með samningi
Launaneftdar sveitarfélaga
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir
og
Iðjuþjálfafélags Íslands

undirrituðum 2. desember 2008

Fylgiskjal 1.

Gildandi launatafla samkvæmt grein 1.1.1 hækkar á samningstímanum, sem hér segir:
Frá 1. desember 2008 hækka allar krónutölur í launatöflu um kr. 20.300.

BHM			
Gildir frá 1. desember 2008			
Lfl.	1 Að 31 ára	2 Frá 31. árs	3 Frá 35 ára
15	232.905	240.771	248.929
16	236.094	244.078	252.358
17	239.331	247.435	255.839
18	242.616	250.842	259.372
19	245.951	254.300	262.958
20	249.336	257.810	266.598
21	252.771	261.373	270.292
22	256.258	264.989	274.042
23	259.798	268.659	277.848
24	263.390	272.384	281.712
25	267.037	276.166	285.633
26	270.738	280.004	289.613
27	274.494	283.899	293.652
28	278.307	287.853	297.753
29	282.177	291.867	301.915
30	286.105	295.940	306.139
31	290.092	300.075	310.426
32	294.139	304.271	314.778
33	298.247	308.531	319.195
34	302.416	312.854	323.679
35	306.648	317.243	328.230
36	310.943	321.697	332.848

37	315.303	326.218	337.537
38	319.728	330.807	342.295
39	324.219	335.464	347.125
40	328.778	340.192	352.028
41	333.405	344.990	357.003
42	338.102	349.860	362.054
43	342.869	354.804	367.180
44	347.707	359.821	372.384
45	352.618	364.914	377.665
46	357.603	370.083	383.025
47	362.663	375.330	388.466
48	367.798	380.655	393.989
49	373.011	386.061	399.594
50	378.301	391.547	405.283
51	383.671	397.116	411.058
52	389.122	402.768	416.919
53	394.654	408.505	422.869
54	400.269	414.328	428.907
55	405.969	420.239	435.036
56	411.754	426.238	441.257
57	417.626	432.327	447.572
58	423.586	438.507	453.981
59	429.635	444.780	460.486
60	435.775	451.148	467.089
61	442.007	457.610	473.791
62	448.333	464.170	480.593
63	454.753	470.828	487.498
64	461.270	477.586	494.505
65	467.885	484.445	501.619
66	474.598	491.407	508.838
67	481.413	498.474	516.166
68	488.329	505.647	523.604
69	495.350	512.927	531.154
70	502.476	520.316	538.817
71	509.708	527.816	546.595
72	517.049	535.429	554.489
73	524.501	543.156	562.502
74	532.064	550.999	570.635

B1
ANP

Yfirlýsing
með samningi
Launaneftndar sveitarfélaga
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir
og
Iðjuþjálfafélags Íslands

undirrituðum 2. desember 2008

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 2. desember 2008

F.h. samninganeftndar LN
með fyrirvara um samþykki
Launaneftndar sveitarfélaga

F.h. Iðjuþjálfafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi
félagsmanna

Kárla Munguð Tóygjum.
Ame Þógvard.

Berglind Jónsdóttir
Anna Ólafsdóttir
Berglís Þóðr Björkadóttir